



## Fundargerð

190. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 24. júní 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Sigvaldi Ragnarsson, Guðbjörg Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnar Jónsson

### Dagskrá:

1. Samningur um lagnastæði í landi Egilsstaða 1
2. Skýrsla framkvæmdastjóra, verkstaða framkvæmda
3. Vettvangsferð HEF 27. júní
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:00

Skúli Björnsson varaformaður stýrði fundi.

Varaformaður óskaði eftir við fundinn að inn í dagskrána yrði bætt liðnum innkomin erindi og var það samþykkt.

### 1. Samningur um lagnastæði í landi Egilsstaða 1

Framlagður samningur um lagnastæði í landi Egilsstaða 1, sem undirritaður var í gær.

Um er ræða samning til átta ára varðandi lagnir, umferðarrétt til að þjónusta lagnir og veituvirki hita-, vatns- og fráveitu í landi Egilsstaða 1.

Framkvæmdastjóri og varaformaður fóru yfir gang viðræðna og framlagðan samning.

Samningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að hraða vinnu við að draga úr því umframvatni sem berst í skolpkerfið í dag, eins að vinna við framtíðarstefnumótun í fráveitumálum sveitarfélagsins hefjist á haustdögum.



## 2. Skýrsla framkvæmdastjóra, verkstaða framkvæmda

- Fram er lögð verkfundargerð 2, Stofnlagnir Egilsstaðanesi.
- Fram er lögð verkfundargerð 1, Lagarfell – endurnýjun veitulagna.
- Fjarskiptasamningur í vinnslu.
- Framkvæmastjóri kynnti bréf sem hann sendi skipulags- og umhverfisfulltrúa varðandi breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028, Urriðavatn.
- Framkvæmdastjóri sagði frá Urriðavatnssundi 2015 og lagði fram sölutilboð 3519 í Ölduskel frá Trefjum. Samþykkt samhljóða og verður fjárhæðin tekin af Ylstrandarverkefninu.

## 3. Vettvangsferð HEF 27. júní

Ljóst að vettvangsferðin verður farin laugardaginn 27. júní.

## 4. Innkomin erindi

- a) Erindi frá Bjarna Þór Haraldssyni f. h. Skotfélags Austurlands dags. 11. júní 2015, varðar ósk um styrk til að kaupa og uppsetningar á leirdúfukastara.

Erindinu hafnað.

## 5. Önnur mál

- a) Næsti reglulegi fundur verður 8. júlí 2015.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:48.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir